




BRATTI Í BLÁSKÓGABYGGÐ

Deiliskipulag fjallasels

23.04.2019



SKÝRSLA – UPPLÝSINGABLAÐ

SKJALALYKILL	TITILL SKÝRSLU
3502-015-GRG-001-V01	Bratti í Bláskógabyggð
SKÝRSLUNÚMÉR / SÍÐUFJÖLDI	VERKHEITI
01/14	Deiliskipulag fjallasels
VERKEFNISSTJÓRI / FULLTRÚI VERKKAUPA	VERKKAUPI
Ásta Stefánsdóttir	Bláskógabyggð
VERKEFNISSTJÓRI EFLA	HÖFUNDUR
Gísli Gíslason	Ingibjörg Sveinsdóttir

ÚTGÁFUSAGA

NR.	HÖFUNDUR	DAGS.	RÝNT	DAGS.	SAMÞYKKT	DAGS.
01	Ingibjörg Sveinsdóttir	25.03.19	Anna Bragadóttir	23.04.19	Ingibjörg Sveinsdóttir	29.04.19

Samþykktir

Deiliskipulag þetta, sem kynnt og auglýst hefur verið samkvæmt 40. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Bláskógabyggðar _____

f.h. Bláskógabyggðar

Lýsing deiliskipulags var auglýst frá _____ með athugasemdafresti til _____

Deiliskipulagstillagan var kynnt frá _____ til _____

Deiliskipulagstillagan var auglýst frá _____ með athugasemdafresti til _____

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	5
1.1	Markmið	5
1.2	Skipulagsgögn	5
2	FORSENDUR	6
2.1	Lýsing svæðis	6
2.2	Tengsl við aðrar áætlanir og fyrirbyggjandi stefna	6
2.2.1	Landsskipulagsstefna 2015-2026	6
2.2.2	Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027	7
2.2.3	Deiliskipulag	8
2.2.4	Þjóðlenda	8
2.2.5	Fornminjar	8
2.2.6	Ferðamenn/ferðaþjónusta	9
2.2.7	Velferð til framtíðar - Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi.	9
2.2.8	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	9
3	DEILISKIPULAG	10
3.1	Lóð og byggingarskilmálar	10
3.2	Samgöngur	10
3.3	Veitur	10
3.3.1	Neysluvatn	10
3.3.2	Fráveita	11
3.4	Regnvatn	11
3.5	Sorp	11
4	ALMENNIR BYGGINGARSKILMÁLAR	11
4.1	Hönnun og uppdrættir	11
4.2	Mæliblöð	11
4.3	Frágangur lóða og umgengni	11
5	UMHVERFISÁHRIF	12
5.1.1	Matsspurningar og viðmið	12
5.2	Valkostir	13
5.2.1	Niðurstaða	14

1 INNGANGUR

Bláskógabyggð vinnur að gerð deiliskipulags fyrir fjallaselið Bratta í Súlnadal í Botnssúlum. Í deiliskipulaginu er afmörkuð lóð fyrir nýjan skála. Eldri skáli á staðnum var orðinn ónýtur og hefur verið fjarlægður. Gisting getur verið fyrir allt að 30 gesti. Ekki er heimilt að aka að skálanum. Skipulagssvæðið er um 0,5 ha að stærð. Bratti er innan Þingvallabjóðgarðs og vatnsverndarsvæðis Þingvallavatns.

Deiliskipulagið er í samræmi við Aðalskipulag Bláskógabyggar 2015-2027 en þar er svæðið skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði.

1.1 Markmið

Deiliskipulaginu er ætlað að setja ramma utan um starfsemi á svæðinu og viðhald hennar til framtíðar og að framkvæmdir verði í samræmi við samþykkt skipulag.

Markmið með gerð deiliskipulags eru eftirfarandi:

- Skilgreina lóð fyrir mannvirki og afmarka byggingareit fyrir nýjan skála.
- Settja byggingarskilmála þar sem m.a. verður kveðið á um að mannvirki verði felld að landinu.
- Útbúa lóðablöð fyrir allar lóðir.

Áhersla er á að mannvirki falli vel að landslagi og ásýnd svæðisins.

1.2 Skipulagsgögn

Skipulagsuppdrættir eru unnir á grunni loftmyndar frá Loftmyndum ehf, kortagrunnum IS50v frá LMÍ, auk grunna sveitarfélagsins. Deiliskipulagsgögn eru unnin í hnitakerfinu ISN93. Skipulagsgögn eru eftirfarandi:

- Deiliskipulagsuppdráttur í mkv. 1:2.000 ásamt skýringaruppdrætti í mkv. 1:16.000 og hluta úr Aðalskipulagi Bláskógabygðar 2015-2027 í mkv. 1:100.000.
- Greinargerð þessi með skipulags- og byggingarskilmálum og umhverfisskýrsla.

2 FORSENDUR

2.1 Lýsing svæðis

Bratti er í Súlnadal í Botnssúlum, norðvestan við Syðstu Súlu. Á staðnum var um 22 m² hús, sem var nær eingöngu nýtt af Íslenska alpaklúbbnum. Húsið var orðið ónýtt og hefur verið fjarlæggt. Ekki er vegur að staðnum. Svæðið er lítt gróið. Vistgerðir á svæðinu eru skv. vistgerðarkortlagningu Náttúrufræðistofnunar, melar og sandlendi, skriður og klettur. Hvorki er vatnsból, rotþró né salernisaðstaða á svæðinu. Starfsemi er helst í tengslum við gönguferðir og ísklifur í Botnssúlum. Bratti er í um 770 m.h.y.s.



MYND 1. Nýja húsið sem verður flutt í Súlnadal.

Í 3 gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 kemur fram að standa skuli vörð um óbyggð víðerni landsins. Fjallasel eru ekki talin skerða víðerni.

2.2 Tengsl við aðrar áætlanir og fyrirbyggjandi stefna

2.2.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Skipulag miðhálandis Íslands

„Sveitarfélög á miðhálandinu útfæri landsskipulagsstefnu um verndun víðerna- og náttúrugæða í skipulagsáætlunum sínum. Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði þess gætt að mannvirki og umferð um hálendið skerði víðerni og önnur sérkenni og náttúrugæði hálendisins sem minnst. Jafnframt verði kannaðir möguleikar á endurheimt víðerna og náttúrugæða. Til grundvallar stefnumörkun verði lögð kortlagning á umfangi víðerna, vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar Íslands og svæði sem njóta verndar vegna náttúruvafars. Á svæðum sem flokkast sem víðerni verði svigrúm fyrir takmarkaða mannvirkjagerð, svo sem gönguskála, vegslóða og göngu- og reiðleiðir. Umfangsmeiri mannvirkjagerð verði beint að stöðum sem rýra ekki víðerni hálendisins. Uppbygging ferðamannaáðstöðu verði takmörkuð á miðhálandinu og megináhersla lögð á uppbyggingu á jaðarsvæðum hálendisins og á nokkrum afmörkuðum svæðum við aðalvegi hálendisins. Gengið verði út frá eftirfarandi flokkun og staðsetningu þjónustustaða:

- *Jaðarmiðstöðvar séu á tilteknum stöðum við meginleiðir inn á hálendið og í jaðri þess.*
- *Hálendismiðstöðvar séu á tilteknum stöðum við meginleiðir um hálendið.*

- Skálasvæði séu á tilteknum stöðum í góðu vegasambandi.
- Fjallasel séu í takmörkuðu vegasambandi og taki mið af hæfilegum dagleiðum göngufólks.

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði jafnframt leitað jafnvægis varðandi aðgengi að áhugaverðum stöðum með mismunandi ferðamátum þannig að ferðafólki á vélknúnum farartækjum sé tryggður aðgangur að fjölbreyttum svæðum en jafnframt verði tryggð kyrrlát svæði án umferðar vélknúinna farartækja. Ferðamannaleiðir (gönguleiðir, reiðleiðir og reiðhjólaleiðir) verði eftir því sem kostur er aðskildar frá meginvegakerfi miðhálandisins“.

2.2.2 Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027

Í Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 er skálinn Bratti á afþreyingar- og ferðamannasvæði.

Afþreyingar- og ferðamannasvæði

Eftirfarandi stefna er í gildandi aðalskipulagi:

- „Nýting núverandi fjallaskála verði eflað.“
- Við skipulag ferðamannastaða verði hugað sérstaklega að öryggi ferðamanna ásamt greiðum samgöngum og upplýsingum.
- Við uppbyggingu ferðamannasvæða verði samræmi í útliti bygginga og lögð áhersla á að mannvirki falli sem best að landslagi. Nota skal byggingarefni sem þarfnast lítills viðhalds.
- Búið verði í haginn fyrir ferðamenn með gerð bílastæða, göngustíga, upplýsingum, merkingum og eftir atvikum snyrtingum og öðrum þjónustubyggingum.
- Gert verður ráð fyrir að bæta aðstöðu í gistiskálum og á tjaldsvæðum, m.a. til að bæta öryggi og mæta auknum kröfum ferðamanna.
- Afmarkaðar verði lóðir fyrir alla skála á hálendinu.

Gert er ráð fyrir svigrúmi á öllum afþreyingar- og ferðamannasvæðum til að viðhalda núverandi mannvirkjum eða reisa ný í stað þeirra sem nú eru. Við endurgerð bygginga á hálendinu eða nýbyggingar verður metið hvort halda skuli í núverandi ásýnd og yfirbragð svæðis eða hvort horft verði til breyttrar ásýndar, m.a. til að aðlaga mannvirki betur að umhverfi“.

TAFLA 1. Umjöllun úr aðalskipulagi um þjónustu og hugsanlega uppbyggingu í Súlnadal (Bratta).

NR.	HEITI	LÝSING	JÖRD
AF32	Bratti	Fjallasel í Súlnadal í Botnssúlum. Á staðnum er lítill skáli sem verður fjarlægður. Heimilt er að byggja nýjan allt að 80 m ² skála. Gisting getur verið fyrir allt að 30 manns. Ekki er heimilt að aka að húsinu.	Þingvellir

Hálendið

Eftirfarandi stefna er í gildandi aðalskipulagi:

- „Leitast verður við að viðhalda lítt snortnu yfirbragði hálendisins.“
- Stefnt er að sjálfbærri nýtingu hálendisins til útivistar og ferðaþjónustu.

- *Byggingar skulu vera lágreistar, falla vel að landi og halda skal innbyrðis samræmi húsa þar sem það á við.*
- *Við endurbyggingar/nýbyggingar verður tekin afstaða til þess hvort halda skuli í ásýnd eldri byggðar eða móta nýja ásýnd sem fellur betur að umhverfi.*
- *Bæta þarf öryggi á hálendissvæðum m.a. með mögulegu aðgengi að húsum og mannvirkjum utan hefðbundins rekstrartíma til að leita þar skjóls“.*

Verndarsvæði og minjar

Eftirfarandi markmið eru í aðalskipulagi fyrir verndarsvæði og minjar:

- *„Stuðla skal að verndun lítt raskaðra landsvæða og óbyggðra víðerna.*
- *Stuðlað verði að góðri umgengni um hálendið, álag verði undir þolmörkum viðkvæmra svæða og reynt að viðhalda sem stærstum óbyggðum víðernum.*
- *Mannvirkjagerð leiði til eins lítillar röskunar og kostur er, sérstaklega á hálendinu“.*

2.2.3 Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir Bratta.

2.2.4 Þjóðlenda

Stór hluti hálendis í Bláskógabyggð er þjóðlenda. Þjóðlendur eru landsvæði þar sem íslenska ríkið er eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Um þjóðlendur gilda lög nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. Forsætisráðherra fer með málefni þjóðlendna. Ráðherra til aðstoðar við stjórn og ráðstöfun réttinda innan þjóðlendna er samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna. Samkvæmt 3. gr. laganna má enginn hafa afnot af þjóðlendu fyrir sjálfan sig, þar með talið að reisa þar mannvirki, gera jarðrask, nýta hlunnindi, vatns- og jarðhitaréttindi án leyfis. Til að nýta land og landsréttindi innan þjóðlendu þarf leyfi hlutað-eigandi sveitarstjórnar sem og forsætisráðuneytisins sé nýting heimiluð til lengri tíma en eins árs. Ef um er að ræða nýtingu vatns- og jarðhitaréttinda, námur og önnur jarðefni innan þjóðlendu þarf leyfi forsætisráðherra nema mælt sé fyrir um annað í lögum.

Einstaklingar, sveitarfélög eða aðrir lögaðilar geta átt svokölluð takmörkuð eignarréttindi innan þjóðlendna. Þjóðlendulög raska ekki slíkum réttindum. Samkvæmt 5. gr. laganna skulu þeir sem hafa nýtt land innan þjóðlendna sem afrétt fyrir búfénað, eða haft þar önnur hefðbundin not sem afréttareign fylgja, halda þeim rétti í samræmi við ákvæði laga þar um. Afréttur er skv. 1. gr. laganna landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé. Hið sama gildir um önnur réttindi sem menn færa sönnur á að þeir eigi.

2.2.5 Fornminjar

Aðalskráning fornminja hefur ekki farið fram í Bláskógabyggð. Finnist áður ókunnar minjar ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands svo fljótt sem auðið er skv. 24. gr. laga um menningarminjar

nr. 80/2012. Óheimilt er að hrófla við minjum án heimildar Minjastofnunar. Engar þekktar minjar eru innan skipulagssvæðisins.

2.2.6 Ferðamenn/ferðaþjónusta

Ferðamálastofa hefur kortlagt „Auðlindir íslenskrar ferðaþjónustu“. Í verkefninu voru, með aðstoð heimafólks, kortlagðir staðir þar sem upplifa má staðbundna og einstaka eiginleika í náttúrufari eða menningu. Skráningin gefur vísendingar um sérkenni svæða sem hugsanlega má nýta¹. Þeir staðir sem eru í nágrenni skálanna eru eftirtaldir: Botnssúlur, Jarlhettur, Langjökull, Hvítárvatn og Kerlingafjöll.

2.2.7 Velferð til framtíðar - Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi.

- Kafli 2, Hreint og heilnæmt ferskvatn. Allir íbúar landsins eigi kost á nægu heilnæmu vatni til neyslu og annarra nytja. Mengun í ám og vötnum verði svo lítil að hún hafi ekki áhrif á vistkerfi ferskvatns, fiskgengd eða útivistargildi.
- Kafli 5, Útivist í sátt við náttúruna. Tekið verði tillit til útivistargildis svæða við skipulag og ákvarðanir um landnýtingu.
- Kafli 7, Vernd lífríkis Íslands. Viðhaldið verði fjölbreytileika tegunda og vistgerða.
- Kafli 8, Vernd sérstæðra jarðmyndana. Fjölbreytni jarðmyndana verði varðveitt með því að vernda þær sem eru sérstakar eða einstakar á svæðis-, lands- eða heimsvísu.
- Kafli 9. Vernd víðerna. Tryggt verði að stór samfelld víðerni verði áfram að finna í óbyggðum Íslands.
- Kafli 13. Minnkun og bætt meðhöndlun úrgangs. Dregið verði úr myndun úrgangs og stuðlað að endurvinnslu.
- Kafli 17. Vernd líffræðilegrar fjölbreytni. Öll nýting náttúrunnar fari fram á sjálfbæran hátt. Við framkvæmdir verði neikvæðum áhrifum á vistkerfi haldið í lágmarki.

2.2.8 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum

Bratti er innan Þingvallarþjóðgarðs og um hann gilda lög um þjóðgarðinn á Þingvöllum nr. 47/2004 og lög um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess nr. 85/2005. Einnig er í gildi stefnumörkun fyrir þjóðgarðinn, en unnið er að endurskoðun hennar.

Í lögum um þjóðgarðinn á Þingvöllum kemur fram í 4. gr. að „*innan þjóðgarðsins sé óheimilt að gera nokkuð það sem getur spillt eða mengað vatn þar, bæði vatn á yfirborði og grunnvatn*“. Í 5. gr. segir að „*óheimilt er að gera nokkurt jarðrask eða reisa mannvirki innan þjóðgarðsins á Þingvöllum nema að fengnu samþykki Þingvallanefndar og tekur bann þetta m.a. til húsbýgginga, vegagerðar, lagningar raf- og símalína, borunar eftir vatni, töku jarðefna og vinnslu auðlinda úr jörðu og ræktunarframkvæmda*“.

¹ (Ferðamálastofa 2015).

Í lögum um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess segir í 3. gr. „*Innan verndarsvæðisins er óheimilt að gera nokkuð það sem getur spillt vatni eða mengað það, bæði yfirborðsvatn og grunnvatn*“.

Í tillögu að endurskoðaðri stefnu fyrir Þjóðgarðinn er honum skipt upp í nokkur svæði og sett stefna fyrir hvert þeirra. Botnssúlur eru innan svæðis sem kallast S11 Uppland. Stefna fyrir þetta svæði er eftirfarandi: „*Svæðið verði áfram óbyggt og með óbreyttu yfirbragði. Göngu- og reiðleið yfir sigdældina liggur þvert frá Ármannsfelli að Gjábakka. Gönguleiðir fylgja meðal annars gömlum smalagötum og kindastígum*“².

3 DEILISKIPULAG

Í deiliskipulaginu er afmörkuð lóð fyrir nýjan skála og settir byggingarskilmálar fyrir hann.

3.1 Lóð og byggingarskilmálar

Afmörkuð er 2.220,6 m² lóð sem kallast Bratti. Innan hennar er heimilt að byggja allt að 80 m² hús. Gert er ráð fyrir salernum í húsinu. Mænishæð getur verið allt að 4,0 m m.v. gólfkóta. Húsið nýtist einkum þeim sem stunda ísklifur í Botnssúlum að vetri til. Gisting getur verið fyrir allt að 30 manns.

Byggingarefni er frjálst en leitast skal við að nota byggingarefni sem þarfnast lítils viðhalds. Mannvirki skulu felld að landi eftir því sem hægt er.

Húsið skal flutt á staðinn á snjó og frosinni jörð þannig að ekki sjáist ummerki um framkvæmdina. Hafa skal samráð við Þjóðgarðsvörð vegna flutnings hússins.

3.2 Samgöngur

Ekki er heimilt að aka að Bratta. Þeir sem koma í Bratta fara gangandi um gönguleiðina yfir Leggjabrjót, annað hvort frá Þingvöllum eða úr Hvalfirði, og síðan upp Súlnadal. Göngu- og reiðleiðir skv. aðalskipulagi eru sýndar á skýringarupprætti.

3.3 Veitur

3.3.1 Neysluvatn

Engin vatnsöflun er í skálanum og hafa gestir þurft að taka allt vatn með sér á staðinn. Skoðað verður, í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, hvort hægt sé að vera með einhvers konar vatnssöfnunar-kerfi fyrir skálann.

² (Þjóðgarðurinn á Þingvöllum 2018).

3.3.2 Fráveita

Sett verður upp þurrsalerni í skálanum og safnast úrgangur saman í tank undir húsinu. Úrgangur verður fluttur til byggða á vélsleða að vetri til. Útfærsla á salerni og förgun úrgangs skal vera í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Um fráveitu gildir reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999, með síðari breytingum.

3.4 Regnvatn

Bent er á þann kost að veita vatni af húspaki beint niður í jarðveginn. Koma má fyrir malarpúðum undir yfirborði, sem getur tekið við yfirborðsvatni í rigningum og leysingum þannig að yfirborðsvatn seytili smám saman út í jarðveginn og niður í grunnvatnið. Notast má við hefðbundnar þakvatnslagnir við að beina vatninu að malarpúðanum.

3.5 Sorp

Gestir skulu flytja allt sorp með sér til byggða. Skipulag sorpmála fer eftir reglum sveitarfélagsins hverju sinni.

4 ALMENNIR BYGGINGARSKILMÁLAR

4.1 Hönnun og uppdrættir

Húsagerðir eru frjálstar að öðru leyti en því sem mæliblöð, skilmálar þessir, byggingarreglugerð og aðrar reglugerðir segja til um. Á aðaluppdráttum skal sýna skipulag lóðar í aðalatriðum og fyrirkomulag bygginga á lóðinni. Þakform og mænisstefna er frjálst.

4.2 Mæliblöð

Á mæliblöðum skal sýna stærðir lóða, lóðamörk og byggingareiti húsa. Þá skal sýna skipulag og frágang lóða.

4.3 Frágangur lóða og umgengni

Þess skal gætt að spilla ekki eða raska landi að óþörfu. Umgengni skal vera til fyrirmyndar og skal halda svæðinu sem snyrtilegustu. Að framkvæmdum loknum skal aðlaga land að landinu umhverfis og færa í sem upprunalegast horf.

5 UMHVERFISÁHRIF

Deiliskipulagið fellur ekki undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006, þar sem ekki er mörkuð stefna er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Við gerð deiliskipulags skal, skv. gr. 5.4. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, meta líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar sjálfrar svo sem á vistkerfi, auðlindir, landslag, ásýnd, útsýni, hljóðvist, loftgæði o.fl. umhverfisþætti eftir því sem efni skipulagsins gefur tilefni til.

Við mat á umhverfisáhrifum er notast við þá skilgreiningu á vægi áhrifa sem koma fram í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi. Þar eru umhverfisáhrif skilgreind sem: „*Samheiti fyrir samfélag, heilbrigði manna, dýr, plöntur, líffræðilega fjölbreytni, jarðveg, jarðmyndanir, vatn, loft, veðurfar, eignir, menningararfleifð, þ.m.t. byggingarsögulegar og fornleifafræðilegar minjar, og landslag og samspil þessara þátta*“³. Þegar breytingar verða á umhverfinu af mannavöldum er talað um umhverfisáhrif. Matinu er ætlað að upplýsa um möguleg áhrif af stefnu skipulagsins og aðstoða með því við val á heppilegasta kostinum.

TAFLA 2. Skilgreining á vægi umhverfisáhrifa.

SKILGREININGAR FYRIR ÁHRIF Á UMHVERFISÞÆTTI	
Stefnan hefur jákvæð áhrif.	+
Stefnan hefur óveruleg áhrif.	<>
Stefnan hefur neikvæð áhrif.	-
Stefnan hefur óviss áhrif.	?
Stefnan hefur engin áhrif.	0

5.1.1 Matsspurningar og viðmið

Stefna deiliskipulagsins og líkleg áhrif hennar verða metin út frá þáttum í eftirfarandi töflu:

TAFLA 3. Umhverfisþættir, matsspurningar og viðmið.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNING	VIÐMIÐ
Jarðmyndanir	Hefur skipulagið áhrif á jarðmyndanir sem njóta verndar eða þykja sérstæðar?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, áhersla á 61. gr. Landsskipulagsstefna 2015-2026.
Gróður og dýralíf	Hefur skipulagið áhrif á gróður og dýralíf?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, áhersla á 61 og 62. gr. Vistgerðakortlagning Náttúrufræðistofnunar.
Ásýnd og landslag	Hefur skipulagið áhrif á ásýnd svæða? Hefur skipulagið áhrif á landslag?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, 69. gr. Landsskipulagsstefna 2015-2026.
Samfélag	Hefur skipulagið áhrif á atvinnu í sveitarfélaginu?	Velferð til framtíðar – Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi.

³ (Skipulagsstofnun 2007).

UMhverfisÞáttur	MATSSPURNING	VIÐMIÐ
	Hefur skipulagið áhrif á notkun svæða til útivistar?	Stefna um landnotkun í aðalskipulagi. Landsskipulagsstefna 2015-2026.
Minjar / Verndarsvæði	Hefur skipulagið áhrif á fornminjar? Hefur skipulagið áhrif á náttúruminjar eða verndarsvæði?	Lög nr. 80/2012 um menningarminjar. Landsskipulagsstefna 2015-2026. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, stefnumörkun 2018-2038, tillaga til kynningar.
Náttúruvá og öryggi	Er hætta á náttúruvá á svæðinu? Er hætta á mengun af völdum stefnunnar?	Landsskipulagsstefna 2015-2026. Lög um þjóðgarðinn á Þingvöllum nr. 47/2004. Lög um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess nr. 85/2005.

5.2 Valkostir

Í umhverfismati áætlana ber að fjalla um svokallaðan núll-kost og bera stefnu skipulagsins saman við hann, eftir því sem við á. Núll kostur „felur í sér lýsingu á ástandi umhverfisins, eins og búast má við að það þróist ef ekki kemur til framfylgdar áætlunarinnar. Í einhverjum tilfellum getur samanburður við núll-kostinn falist í samanburði við framfylgd gildandi áætlunar“⁴.

Bornir eru saman þeir valkostir sem fjallað er um hér að aftan og lagt mat á hvort áhrifin séu talin jákvæð, óveruleg, neikvæð eða óviss.

Eftirfarandi valkostir eru bornir saman:

- **Uppbygging skv. deiliskipulagstillögu.** Afmörkuð er lóð og er heimilt að byggja allt að 80 m² hús innan hennar, í stað eldra húss sem hefur verið fjarlæggt. Gisting getur verið fyrir allt að 30 manns. Í húsinu verður þurrsalerni og úrgangur fluttur til byggða að vetri til á snjósleða.
- **Núll kostur – núverandi staða.** Ekkert hús er á staðnum þar sem eldra hús var orðið ónýtt og hefur verið fjarlæggt.

Samanburður

Uppbygging skv. deiliskipulagstillögu. Engar þekktar jarðmyndanir, sem njóta verndar, eru innan skipulagssvæðisins. Svæðið er lítt gróið, mest melar og sandlendi, skriður og klettar. Áhrif á gróður og dýralíf eru metin engin. Fyrirhuguð uppbygging er ekki umfangsmikil og ofan í dal þannig að húsið verður sýnilegt á takmörkuðu svæði. Áhrif á ásynd og landslag eru metin óveruleg. Nýtt hús í Súlnadal stuðlar að útivist, a.m.k. þeirra sem stunda ísklifur og fjallgöngur. Áhrif á samfélag eru metin jákvæð. Skálinn er innan þjóðgarðsins á Þingvöllum en er ekki talin hafa áhrif á verndarsvæði enda verði hann fluttur á staðinn á snjó og frosinni jörð og settir eru skilmálar um fráveitu. Engar þekktar minjar eru á svæðinu. Vatnsöflun og fráveita verður útfærð í samráði við Heilbrigðiseftirlitið. Ekki er talin hætta á mengun vegna stefnunnar ef gengið er frá veitum á fullnægjandi hátt.

⁴ (Skipulagsstofnun 2007).

Núll kostur. Núverandi staða hefur engin áhrif á jarðmyndanir, gróður og dýralíf, ásýnd og landslag. Áhrif á samfélag eru óveruleg/neikvæð því ekki er lengur jafn góð aðstaða til að stunda ísklifur á svæðinu. Engin áhrif á verndarsvæði eða öryggi.

	JARÐMYNDANIR	GRÓÐUR OG DÝRALÍF	ÁSÝND OG LANDSLAG	SAMFÉLAG	MINJAR, VERNDARSVÆÐI	NÁTTÚRUVÁ OG ÖRYGGI
Uppbygging skv. deiliskipulagstillögu	0	0	0	+	0	0
Núll kostur	0	0	0	0 -	0	0

5.2.1 Niðurstaða

Eitt af markmiðum í aðalskipulagi er að nýting núverandi fjallaskála verði efld og aðstaða í þeim bætt. Einnig að afmarkaðar verði lóðir fyrir alla skála. Stefna deiliskipulagsins fellur vel að þessum markmiðum. Gert er ráð fyrir að mannvirkjagerð leiði til eins lítillar röskunar og mögulegt er og að land verði lagfært að framkvæmdum loknum og aðlagð að landi umhverfis.

Í samræmi við landsskipulagsstefnu er gert ráð fyrir takmarkaðri mannvirkjagerð og staðurinn er að stærstum hluta að þjónusta þá sem stunda ísklifur í Botnssúlum.

Svæðið er innan Þjóðgarðs á Þingvöllum og í endurskoðaðri stefnumörkun fyrir Þjóðgarðinn er gert ráð fyrir að svæðið verði áfram óbyggt. Sveitarfélagið metur það svo að með því að heimila uppbyggingu á nýjum skála í Súlnadal sé verið að stuðla að útivistarmöguleikum og aðstöðu fyrir ákveðinn hóp, þ.e. þeirra sem stunda ísklifur. Sveitarfélagið vill koma til móts við þarfir þessa hóps, til jafns við aðra.

Hægt er að draga úr áhrifum á landslag og ásýnd með því að form, útlit og litaval mannvirkis sé þannig að það falli vel að landinu umhverfis.